

Nd.

41. Frumvarp

til laga um sölu á landi Garðakirkju í Hafnarfirði.

Flutningsm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað svo nefnd Hamarkots- og Uadirhamarstún í Hafnarfirði, sem eru eign Garðakirkju.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Ástæður

fyrir frv. þessu felast í brjefi því, sem prentað er sem fylgiskjal hjer á eftir.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfirði, 10. desbr. 1927.

Hjer með undanfelli jeg eigi að tilkynna yður, háttvirti herra alþingismaður, að bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 6. þ. m. samþykkt svolátandi tillögu frá bæjarfulltrúa Gunnlaugi Kristmundssyni:

»Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á þingmenn kjördæmisins að flytja frnmvarp á næsta Alþingi um að Hafnarfjarðarkaupstaður fái það land, sem Gardakirkja á í miðjum bænum (Hamarskots- og Undirhamarstún), með sem hagkvæmustum kjörum«.

Nanari upplýsingar um ástæður fyrir málaleitun þessari verða gefnar síðar, en aðalástæðan mun vera sú, að Skipulagsnefnd Íslands mun hafa þegar ákveðið við undirbúning skipulagsuppdráttar yfir kaupstaðinn, að svonefnt Hamarskotstún verði gert að skemtigarði fyrir bæinn, en Undirhamarstún ætlað til bygginga meðfram aðalgötu bæjarins fyrirhugaðri. — Er tilætlunin sú, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja bæjarfjlaginu eignir þessar.

Magnús Jónsson.